



## Val fyrir haustönn 2007 fer fram í vikunni 19.-23. mars

Öll valblöð eru **prentuð út á nafn** og það er mikilvægt að nemendur yfirfari þær persónuupplýsingar sem koma fram á valblaðinu til að tryggja réttar upplýsingar í nemendaskránni.

**Hver nemandi er ábyrgur fyrir því að sækja sitt valblað, fylla það út og skila því til umsjónarkennara í síðasta lagi 26. mars.** Ef þú nærð ekki í umsjónar-kennarann getur þú snúið þér til námsráðgjafa eða námsferilsstjóra. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur eftir þörfum og veita upplýsingar um námsferil ef óskað er.

Nemendur sem **ætla ekki að sækja skólann á næstu önn, þurfa einnig að skila valblaði** þar sem þeir skýra frá því og tilgreina ástæður þess að þeir ætla að hætta. Nemendur sem stefna á útskrift í maí þurfa ekki að skila valblaði.

Valblaðið sem nemendur skila inn núna er um leið umsókn um skólavist á næstu önn.

Þeir sem stefna á útskrift jólin 2007 eða vorið 2008 verða að vera í sambandi við námsferilsstjóra sem staðfestir hvort það getur gengið.

Í maí verða sendir út gíróseðlar til allra sem hafa skilað vali og verða þar innheimt öll fastagjöld fyrir haustönnina.

Endurinnritunargjaldið verður hins vegar ekki innheimt síðar, enda ekki vitað hverjir þurfa að greiða það fyrr en að loknum prófum.

**Valblöð nemenda eru hjá umsjónarkennurum.**

**Það verður umsjónartími þriðjudaginn 20. mars kl. 11.35.**

**Auk þess verða umsjónarkennarar til taks í viðtalstímum sínum**



# Valvika

## Vandaðu valið—þín vegna!

**Við val á námsáföngum þarf að gæta að mörgu, meðal annars þessu:**

- Valið þarf að vera í samræmi við undanfarareglur.
- Ekki er hægt að fresta of lengi að taka áfanga sem eru aðeins í boði aðra hvora önn.
- Áfangar í löngum keðjum verða að hafa forgang.
- Velja þarf a.m.k. tvo áfanga til vara.
- Ekki færast meira í fang en þú treystir þér til að ráða við. Mundu að þeir sem segja sig úr áfanga eftir að töflubreytingartíma lýkur skerða þar með leyfilegan tímafjölda í töflu næstu önn á eftir.

### **Skuldar þú efnisgjöld?**

Ef þú átt eftir að greiða efnisgjöld í MYN (myndlist), MAT (matreiðslu) og LKN (lífsleikni) þá þarftu að gera það nú þegar. Annars færðu ekki einkunn í þessum áföngum.

## **Láttu skólasóknarreglurnar vinna með þér!**

Reglan um fall á önn virðist alltaf koma einhverjum nemendum á óvart í annarlök. Margir halda að skólasóknarreglur vinni gegn þeim en raunin er sú að þær geta unnið með þér. Það er nauðsynlegt að kynna sér reglur um námsárangur, skólareglur og skólasókn. Hér er ein **„Þeir sem ekki ljúka 9 einingum eða fjórum áföngum á önn teljast fallnir á önn. Einnig þeir sem ekki ná lágmarks skólasókn.“**

Hér er önnur:

**Þeir sem hafa yfir 92,5% mætingu í skólasókn fá einingu fyrir það og telst sú eining sem einkunn og getur hjálpað nemanda sem á erfitt með nám að halda þeim einkunnum sem hann nær ef um þrjá áfanga er að ræða.**

Þá er það staðreynd að alla jafna gengur nemanda sem mætir vel betur en þeim sem mæta illa.

Loks skaltu athuga að nemandi sem ekki mætir og fellur í mörgum greinum á síður en svo örugga skólavist á næstu önn. Þeirri reglu hefur verið beitt á nokkurn hóp síðustu annir.

**Notaðu reglurnar rétt og græddu á því!**


## Umsjónarkennarar

### stofur þeirra 20. mars og viðtalstímar

Umsjónarkennari	Netfang	dag	kl.	Stofa
Adda María Jóhannsdóttir	<a href="mailto:addam@flensborg.is">addam@flensborg.is</a>	þri	13:05	Miðhús303
Anna Kristín Brynjólfsdóttir	<a href="mailto:annab@flensborg.is">annab@flensborg.is</a>	fös	9:10	Hamar 202
Ása Katrín Hjartardóttir	<a href="mailto:asak@flensborg.is">asak@flensborg.is</a>	fim	13:05	Miðhús 102
Ásta Kristín Pálmadóttir	<a href="mailto:astak@flensborg.is">astak@flensborg.is</a>	þri	10:30	Miðhús309
Baldur Hermannsson	<a href="mailto:baldurh@flensborg.is">baldurh@flensborg.is</a>	mið	11:30	Hamar 202
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir	<a href="mailto:gig@flensborg.is">gig@flensborg.is</a>			Hamar 101
Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	<a href="mailto:dagrun@flensborg.is">dagrun@flensborg.is</a>	fös	10:10	Miðhús307
Danielle Bisch	<a href="mailto:bisch@flensborg.is">bisch@flensborg.is</a>	mán	11:45	Miðhús308
Erla Sigríður Ragnarsdóttir	<a href="mailto:erla@flensborg.is">erla@flensborg.is</a>	fim	14:15	Miðhús107
Eyrún Huld Haraldsdóttir	<a href="mailto:eyrunh@flensborg.is">eyrunh@flensborg.is</a>	þri	11:35	Brekka 201
Friðrik O Júlíusson	<a href="mailto:fridrik@flensborg.is">fridrik@flensborg.is</a>	fim	16:20	Brekka 202
Geir Hallsteinsson	<a href="mailto:geirha@flensborg.is">geirha@flensborg.is</a>	þri	17:30	Miðhús106
Guðmunda Anna Birgisdóttir	<a href="mailto:gudmunda@flensborg.is">gudmunda@flensborg.is</a>	fim	14:05	Brekka 205
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir	<a href="mailto:runa@flensborg.is">runa@flensborg.is</a>	fim	16:20	Hamar 201
Guðrún Jónsdóttir	<a href="mailto:gujons@flensborg.is">gujons@flensborg.is</a>	fös	10:10	Miðhús304
Halldór Árni Sveinsson	<a href="mailto:doriv@flensborg.is">doriv@flensborg.is</a>	mán	10:30	Brekka 204
Halldóra Jóhannsdóttir	<a href="mailto:halldora@flensborg.is">halldora@flensborg.is</a>	þri	10:30	Miðhús301
Helgi Guðmundsson	<a href="mailto:helgigu@flensborg.is">helgigu@flensborg.is</a>	mið	09:10	Brekka 305
Hildur Einarsdóttir	<a href="mailto:hildure@flensborg.is">hildure@flensborg.is</a>	mán	11:35	Miðhús301
Hjördís G Bergsdóttir	<a href="mailto:dosla@flensborg.is">dosla@flensborg.is</a>	fim	13:05	Miðhús105
Hrafnhildur R Jósefsdóttir	<a href="mailto:hrafnhildur@flensborg.is">hrafnhildur@flensborg.is</a>	mið	10:30	Miðhús105
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson	<a href="mailto:hrafnkell@flensborg.is">hrafnkell@flensborg.is</a>	þri	14:15	HMN tími
Hrefna Geirsdóttir	<a href="mailto:hrefna@flensborg.is">hrefna@flensborg.is</a>			Viðtalstímar fjarvistastjóra
				Brekka 201
Hrefna Steinarsdóttir	<a href="mailto:hrefnast@flensborg.is">hrefnast@flensborg.is</a>	þri	10:55	Brekka 306
Inga Jóna Þórisdóttir	<a href="mailto:ingajona@flensborg.is">ingajona@flensborg.is</a>	fös	11:35	Miðhús 306
Jóhann Guðjónsson	<a href="mailto:johann@flensborg.is">johann@flensborg.is</a>	mið	09:10	Miðhús302
Jón Barðason	<a href="mailto:jb@flensborg.is">jb@flensborg.is</a>	fim	10:30	Brekka 301
Kristín Magnúsdóttir	<a href="mailto:krimag@flensborg.is">krimag@flensborg.is</a>	mið	10:35	Miðhús204
Lilja Héðinsdóttir	<a href="mailto:liljah@flensborg.is">liljah@flensborg.is</a>	mið	10:30	Miðhús302
Magnús Gíslason	<a href="mailto:magnus@flensborg.is">magnus@flensborg.is</a>	mið	11:30	Miðhús208
Margrét Jóhanna Böðvarsdóttir	<a href="mailto:marbo@flensborg.is">marbo@flensborg.is</a>	mið	11:35	Hamar 102
Ragnheiður H Kristjánsdóttir	<a href="mailto:rhk@flensborg.is">rhk@flensborg.is</a>	fös	10:30	Miðhús202
Sigurbjörg Anna Guðnadóttir	<a href="mailto:sag@flensborg.is">sag@flensborg.is</a>	þri	11:30	Miðhús308
Sigurður B Jónsson	<a href="mailto:sigurdur@flensborg.is">sigurdur@flensborg.is</a>	fim	12:35	Hamar 102
Stefán Örn Valdimarsson	<a href="mailto:stefan@flensborg.is">stefan@flensborg.is</a>	þri	10:30	Brekka 302
Svana Björk Karlsdóttir	<a href="mailto:svana@flensborg.is">svana@flensborg.is</a>	fim	13:00	Miðhús105
Sveinn Þórðarson	<a href="mailto:sveinn@flensborg.is">sveinn@flensborg.is</a>	þri	14:05	Brekka 304
Tamara Iljinichna Soutourina	<a href="mailto:tamara@flensborg.is">tamara@flensborg.is</a>	fös	09:10	Miðhús304
Torfi Kristinn Kristinsson	<a href="mailto:torfik@flensborg.is">torfik@flensborg.is</a>			Skrifstofa
Unnar Örn Þorsteinsson	<a href="mailto:unnart@flensborg.is">unnart@flensborg.is</a>	fös	10:30	Miðhús305
Viðar Hrafn Steingrímsson	<a href="mailto:viddi@flensborg.is">viddi@flensborg.is</a>	þri	10:30	Miðhús203
Þórunn Andrésdóttir	<a href="mailto:tand@flensborg.is">tand@flensborg.is</a>	fim	13:00	Miðhús105

## SPÆ103 SPÆNSKA sem val eða 4. mál

Nú verður tekin upp sú nýbreytni að bjóða spænsku sem 4. mál á málabraut en jafnframt sem val eða kjörsviðsgrein. Á næstu önn verður boðið upp á SPÆ103 en til greina kemur að bjóða fleiri áfanga strax ef eftirspurn er næg. Lýsing SPÆ103 er sem hér segir:



Tungumálið og útbreiðsla þess kynnt.

Framburðarreglur eru kenndar og framburður æfður. Nemendum er kennt

að bjarga sér með því að æfa einföld samtöl. Grunnmálfræði er kennd, s.s. beygingar sagna í nútíð, kyn og tala nafnorða og lýsingarorða, orðskipun í setningu o.fl. Áhersla er lögð á orðaforða. Menning þeirra sem tala spænsku er kynnt. Sjá nánar á vef skólans.



## SAG 483 Sagan á líðandi stundu

Undanfari:SAG 203/213



Hvað er að gerast? Ál eða hálandi? Stríð eða friður? Innflutningur á vinnuafli? Hleranir? Allt þetta eða allt annað gæti verið umfjöllunarefni áfangans. Þú tekur þátt í að velja viðburði sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma, heima og erlendis, og

leita sögulegra orsaka þeirra. Við tökum nokkra atburði fyrir og fjöllum um þá sem hópur í heild eða í minni einingum. Efnistökin byggja á umræðum, ritun, framsetningu, gagnrýni og framlagi nemandans. Námsmat: verkefni sem skilað er, umræður og sjálfsmat.



Vandaðu valið - það er þér í hag  
Vandaðu valið - það er þér í hag

# Námsframboð

	<b>Stærðfr.</b>	<b>Erl. tungum.</b>	<b>Erl. tungum.</b>	<b>Samf. greinar</b>
<b>Íslenska</b>				
ÍSL102	STÆ102	DAN102	ENS102	FÉL103
ÍSL103	STÆ103	DAN152	ENS103	FÉL203
ÍSL202	STÆ122	DAN202	ENS202	<b><u>FÉL313</u></b>
ÍSL203	STÆ202	DAN212	ENS203	<b><u>FÉL403</u></b>
ÍSL212	STÆ203	DAN262	ENS212	
ÍSL293	STÆ293	DAN293	ENS303	FJÖ103
ÍSL303	STÆ303		ENS403	<b><u>FJÖ213</u></b>
ÍSL403	STÆ313		ENS503	<b><u>FJÖ273</u></b>
ÍSL503	STÆ363		ENS603	<b><u>FJÖ303</u></b>
<b><u>ÍSL583</u></b>	STÆ403	LAT103	<b><u>ENS803</u></b>	
(Yndislestur)	STÆ503	<b><u>LAT203</u></b>	<b><u>ENS883</u></b>	LAN103
<b><u>ÍSL683</u></b>	<b><u>STÆ523</u></b>			
	<b><u>STÆ703</u></b>	SPÆ103	FRA103	SAG103
<b><u>ÍSA102</u></b>			FRA203	SAG203
			FRA303	SAG303
			FRA403	SAG313
			<b><u>FRA503</u></b>	<b><u>SAG483</u></b>
<b>Lífsleik./Lok</b>			ÞÝS103	SÁL103
LOK171			ÞÝS203	<b><u>SÁL183</u></b>
LKN112			ÞÝS303	<b><u>SÁL313</u></b>
LKN101			ÞÝS403	<b><u>SÁL403</u></b>
			<b><u>ÞÝS503</u></b>	
			<b><u>ÞÝS703</u></b>	UPP103

Annaðhvort  
ÞÝS / FRA  
sem 3.mál

# á haustönn

<b>Raun- greinar</b>	<b>Viðskipta- greinar</b>	<b>Tölvu- greinar</b>	<b>Íþróttir</b>	<b>Sér- greinar</b>
EÐL103	BÓK103	TÖL103	ÍþF102	<b><u>FST101</u></b>
EÐL203	<b><u>BÓK203</u></b>	TÖL113	<b><u>ÍþF203</u></b>	
EÐL303	<b><u>BÓK213</u></b>	TÖL203		<b><u>HLT102</u></b>
<b><u>EÐL383</u></b>	<b><u>BÓK303</u></b>		<b><u>ÍþG102</u></b>	<b><u>IOS104</u></b>
<b><u>EÐL483</u></b>			<b><u>ÍþG132</u></b>	MOF103
	<b><u>HAG103</u></b>	MTN103		<b><u>MOM103</u></b>
EFN103	HAG113			<b><u>MTG103</u></b>
EFN203			<b><u>ÍþR101</u></b>	
<b><u>EFN313</u></b>	VIÐ103		<b><u>ÍþR201</u></b>	MAT173
	VIÐ123		ÍþR301	MAT273
JAR103	VIÐ143		ÍþR311	
JAR203				MYN173
				MYN273
LÍF103				
<b><u>LÍF113</u></b>				<b><u>VMM103</u></b>
LÍF303				
NÁT103				
NÁT113				
NÁT123				
<b><u>NÆR103</u></b>				

Ath. að feitletraðir og undirstrikaðir áfangar eru í boði næstu önn en ekki þar næstu. Ef þeir eru næstir í keðju þá þarf að láta þá hafa forgang. ATH. Áfangar s.s. XXXX9X eru einungis metnir til eininga á almennri námsbraut en ekki t.d. til stúdentsprófs, á VI eða GUF.

## LOK 171

Nemendum sem stefna á að ljúka stúdentsprófi og útskrifast í lok haustannar 2007 er bent á að velja áfangann LOK 171 á næstu önn. Þessi áfangi er einungis fyrir nemendur sem eru á útskriftarlista. Í þessum áfanga er gerð ströng krafa um tímasókn. Þessi áfangi getur komið sem viðbót við hámarksstundafjölda í töflu nemenda. Áfanginn er á dagskrá einu sinni í viku.

Brutalýsingar  
er að finna á  
www.flensborg.is  
Smelltu þér  
þangað



## Reglur um frestun prófa

Nemendur sem eiga samkvæmt próftöflu að taka:

- þrjú próf á sama degi
- tvö próf á sama tíma
- tvö próf á sitt hvorum próftímanum tvo daga í röð

geta fengið einu eða öðru prófinu frestað án gjalds og taka þá sjúkrapróf í þeim.

**Umsóknir um að fresta prófi af þessum sökum skulu hafa borist til aðstoðarskólameistara eða skrifstofunnar eigi síðar en fimmtudaginn 26. apríl.**

Nemendur hafa leyfi til að fresta prófum þó slík frestun falli ekki undir þessar reglur og fer sú frestun eftir reglum um sjúkrapróf. Nemendur þurfa þá að greiða gjald fyrir slíka frestun prófa.

## FST201


er áfangi þar sem lögð er áhersla á félagsstörf og samskipti við skóla á **N o r ð u r l ö n d u m**. Flensborgarskólinn er þessa dagana í samstarfi við Tornbjerg-gym, en það er framhaldsskóli í Odense í Danmörku. Í boði er tveggja anna samstarf, þar sem nemendur fá tækifæri til að bjóða dönskum nemenda heim til sín og ferðast til Danmerkur, kynnast danski tungu betur, menningu og sögu Danmerkur og fá tækifæri til að kynna fyrir **d ö n s k u m** nemendum eigið land og eigin þjóð. Áfanginn er eingöngu ætlaður 2.árs nemum



## Veist þú hvernig þú nýtir þér kjörsviðið?

Á stúdentsbrautum er kjörsvið sem er 30 eininga viðbót sem ætluð er til þess að nemendur geti dýpkað skilning sinn í sérgreinum brautarinnar. Um kjörsvið gilda reglur sem þú þarft að kynna þér.


Í mörgum greinum eru langar keðjur og því skiptir máli að fara að hugsa um kjörsvið þegar á annarri eða þriðju önn. Þetta þarf t.d. að athuga ef þú ert á náttúrufræðibraut. Þá þarft þú ekki að klára alla NÁT áfangana til að geta hafið nám í raungrein. Þú klárar viðeigandi NÁT áfanga og heldur svo áfram. Einnig eru langar keðjur í tungumálum og stærðfræði.



## ENS883 Kvikmyndir Hvaða tegundir?

War, Animation, Film-Noir, Western, Romance, Drama, Musical, Documentary, Biography, Short, Music, Other.

Fyrirkomulag: dreifnám Undanfari: enska 703/803 og ca 100 einingar. Mögulegt er að taka áfangann samhliða ensku 803.



Valblað er umsókn um skólavist Síðasta haust sóttu mun fleiri um skólavist en gátu fengið og allstórum hópi sem ekki hafði valið á réttum tíma eða stóð sig illa hvað varðaði skólasókn og námsástundun var látinn hætta hér. Mjög líklegt er að sama staða verði uppi í vor. Því tryggir þú þig best með því að skila inn valblaði núna.